

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir vörumerki o.fl.

	1. gr.	Kr.
Fyrir umsókn um skráningu vörumerkis greiðist:		
a) Grunn gjald, einn vöruflokkur innifalinn		9.000
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn		1.800
c) Ef sótt er um skráningu á myndmerki eða stílfærðu orðmerki greiðist að auki		1.000

	2. gr.	
Fyrir umsókn um endurnýjun vörumerkis greiðist:		
a) Grunn gjald, einn vöruflokkur innifalinn		9.000
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn		1.800

	3. gr.	
Fyrir umsókn um skráningu gæðamerkis og endurnýjun greiðist:		
a) Grunn gjald, einn vöruflokkur innifalinn		12.000
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn		1.800

	4. gr.	
Ýmis gjöld:		
a) Innritun í vörumerkjaskrá		1.300
b) Útskrift eða staðfest myndrit úr vörumerkjaskrá		950
c) Athugun á því hvort vörumerki sé skráð; fyrir hvern vöruflokk sem athugin nær til		950
d) Umsókn um breytingu á skráðu merki, sbr. 24. gr. vörumerkjálaga og 9. gr. reglugerðar nr. 1/1969		1.300
e) Beiðni um endurbirtingu umsóknar eða skráningar		1.300

	5. gr.	
Hámarksgjald vegna áfrýjunar, sbr. lög nr. 31 15. maí 1984		45.000

6. gr.
Gjöld skv. 1.–4. gr. reglugerðar þessarar greiðast Einkaleyfastofunni.
Áfrýjunargjald skv. 5. gr. greiðist Iðnaðarráðuneyti við afhendingu bréfs um áfrýjun.
Gjöld skv. 1., 2. og 3. grein skulu greidd við afhendingu umsóknar.
Ekki skal endurgreiða gjöld skv. 1., 2. og 3. gr. reglugerðarinnar þótt synjað sé um skráningu eða umsókn afturkölluð.

7. gr.
Reglugerð þessi er sett samkvæmt 46. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki, sbr. lög nr. 31/1984, og öðlast gildi 1. janúar 1992. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis nr. 501, 19. desember 1990.

Iðnaðarráðuneytið, 6. desember 1991.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Kristmundur Halldórsson.